



## 4. FUNDUR Á MIÐÖNN 2021-22, MIÐVIKUDAGINN 19. JAN. KL. 11:15

### 1. Bréf til skólaráðs

#### A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlök ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

#### B. Önnur bréf

Tveir nemendur segja sig frá námi.

Tveimur undanþágubeiðnum frá dönsku til stúdentsprófs hafnað.

Beiðni um flutning á prófi vísað til prófstjóra.

### 2. Félagslíf NFFG

Peysur merktar NFFG fara í sölu í næstu viku og þá fer einnig af stað útvarpsútsending á vegum NFFG. Hamingjuóskir til Gettu betur liðs skólans sem hefur staðið sig vel og er komið í næstu umferð sem fer fram í sjónvarpssal. Morfís lið skólans dróst enn og aftur á mótí MA og fer keppnin fram á Akureyri. Nemendafélagið ætlar að bóka stað fyrir árshátíð sem fyrirhuguð er 17. mars og svo mun koma í ljós hverjar takmarkanir verða í samfélaginu þá.

Stefn er á skíðaferð til Akureyrar í byrjun mars.

### 3. Önnur mál

Beðið verður aðeins með að setja fram borðtennisborðið og knattborðið. Hafragrautur verður aftur í boði fyrir nemendur í næstu viku.

Fundinn sátu:

Auður Sigurðardóttir náms- og starfsráðgjafi

Ásdís Björnsdóttir fulltrúi kennara

Dagný Broddadóttir náms- og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Gunnar Hólmsteinn Ársælsson, fulltrúi kennara

Helgi Már Herbertsson, fulltrúi NFFG

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Kristófer Breki Halldórsson, fulltrú NFFG

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi